




Uppbygging

fréttabréf

November 2024

Sleikipinnaheilinn

Sleikipinnaheilann notum við til að útskýra fyrir nemendum hvernig heilinn virkar, hvernig við hugsum og hvernig við bregðumst við áreiti. Í Uppbyggingastefnunni viljum við kenna nemendum að læra að stjórna viðbrögðum sínum við áreiti. Kenna þeim að við sláum t.d. ekki til baka ef einhver áreitir okkur heldur stjórnnum við viðbrögðum okkar og athöfnum.

Heilabörkur
(siðvit, gildi og kurteisi)

Randkerfi heilans
(tilfinningar)

Heilastofn
(berjast, flýja, frjósa)

Bekkjarfundir

Verum dugleg að halda bekkjarfundi.

Meginmarkmið bekkjarfunda er að skapa öruggara andrúmsloft meðal nemenda, þar sem traust og samvinna ríkir meðal þeirra sem taka þátt í fundinum.

Ákjósanlegt er að umsjónarkennari haldi einn bekkjarfund í viku, a.m.k. einn í mánuði. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar geta alltaf gripið til bekkjarfunda.

Inn á sameigninni undir Gæði er mappa sem heitir Bekkurinn minn, þar er að finna nokkuð af efni um bekkjarfundi. Einnig er ýmislegt undir möppunni Uppbygging.

Gott að hafa í huga

- Á bekkjarfundum sitjum við í hring og þar er mikilvægt að íhuga hvar nemendur sitja í hringnum
- Muna eftir fundarreglum
- Alltaf að vera með ákveðið fundarefni

